Kverkeitlabólga

Vegna mikils samgangs milli búa og tíðra flutninga milli búa og landshluta, skal litið svo á að grunur um smitsjúkdóm í hrossum eigi við um allt landið – þar til annað hefur komið í ljós. Yfirumsjón er því í höndum sérgreinadýralæknis hrossasjúkdóma og yfirdýralæknis.

Við grun um kverkeitlabólgu skal fylgja verklagi í gátlistum sem tengjast vinnulýsingu VLY-061.

Þessar leiðbeiningar tengjast einstökum liðum í gátlistunum.

Efnisyfirlit

1. Grunur 1
   1.1 Sýnatökur 1
2. Ráðstafanir til að hindra smitdreifingu 1
3. Einangrun 2
4. Skipting hrossa í einangrun m.t.t. smitvarna og sýnatöku 2
5. Aukið eftirlit 2
6. Aðrar nauðsynlegar ráðstafanir 2
7. Áframhaldandi sýnatökur 2
   7.1 Kverkeitlabólga ekki staðfest 2
   7.2 Leit að frískum smitberum 3
8. Meðhöndlun 3
9. Aflífun 3
10. Bólusetning 3

1. Grunur

- Hiti >39°C, nefrennsli og bólgnir eitlar.

1.1 Sýnatökur

- Stroksýni með nasasvaber, bæði bakteríusvaber og veirusvaber
- Blóðsýni (sermi) 2 glös
- Stungusýni (needle aspirate) úr stækkuðum eitlum
- Sýnin send með hraðsendingu að Keldum til prófunar með Triplex qPCR (gold standard) og bakteríuræktunar auk mögulegrar mismunagreiningar

2. Ráðstafanir til að hindra smitdreifingu

- Einangra skal öll hross á staðnum, annað hvort í beitarhólfum eða húsum eftir því hvar þau eru stödd.
- Halda skal sýktum hrossum aðskildum frá öðrum hrossum.
- Óheimilt er að flytja hross að og frá staðnum án leyfis héraðsdýralæknis.
- Takmarka skal umferð manna og tækja til og frá búinu/staðnum eins og unnt er.
- Farartæki skal þrífa og sótthreinsa, samkvæmt leiðbeiningum héraðsdýralæknis.
- Tæki og tól sem komið hafa í snertingu við smitefni skulu þrifin og sótthreinsuð samkvæmt fyrirmælum héraðsdýralæknis.
- Eigandi er ábyrgur fyrir umönnun veikra dýra og að þau fái nauðsynlega meðhöndlun

- Fara skal að fyrirmælum héraðsdýralæknis um annað sem viðkemur smitvörnum.

3. Einangrun

- Öll hesthús / bæir með veikum hrossum
- Öll hesthús / bæir þar sem eru hross sem hafa verið í snertingu við veik hross eða drukkið úr sama íláti
- Öll hesthús / bæir þar sem eru hross þar sem eigendur eða hirðar hafa verið í snertingu við veik hross eða hafa notað búnað í sýktu umhverfi

4. Skipting hrossa í einangrun m.t.t. smitvarna og sýnatöku

- Rautt svæði: Hestar með amk eitt einkenni kverkeitlabólgu
  - Stungusýni, stroksýni
  - Hiti mældur daglega

- Gult svæði: Hestar sem hafa komist í beina eða óbeina snertingu við veika hesta (drukkið úr sama íláti / notað sama beisli osfrv) sl 14 daga
  - Hiti mældur tvisvar á dag
  - Fluttir strax í rautt hólf er hiti hækkar
  - Stungusýni, stroksýni
  - Bóðsýni fyrir Dual iELISA. Endurtekið eftir 2 vikur

- Grænt svæði: Hestar sem ekki hafa verið í beinni eða óbeinni snertingu við sýkta hesta
  - Hiti mældur reglulega
  - Bóðsýni fyrir Dual iELISA. Endurtekið eftir 2 vikur

5. Aukið eftirlit

- Landið allt

6. Aðrar nauðsynlegar ráðstafanir

- Flutning veikra hrossa í einangrunarhús ef aðstæður krefjast
- Tímabundið bann við öllum flutningum hrossa ef aðstæður krefjast

7. Áframhaldandi sýnatökur

7.1 Kverkeitlabólga ekki staðfest

- Speglun og sýnataka úr loftpoka
  - Triplex qPCR
- Prófun fyrir *S. zooepidemicus*
  - Stofnagreining og raðgreining erfðaefnis

- Prófun fyrir veirusýkingum, hestainflúensu, EHV-1 og rhinoveirum
- Einangrun viðhaldið þar til endanleg greinin liggur fyrir

7.2 Leit að frískum smitberum

- Hestar án einkenna
    - Hestar sem aldrei hafa haft sjáanleg einkenni
    - Hestar sem hefur batnað
        - Mótefnamælingar
            - Jákvæðir í Dual iELISA
        - Sýnataka úr loftpoka
            - Jákvæðir í Triplex qPCR
            - Kögglar sjáanlegir í loftpoka

8. Meðhöndlun

- Staðbundin lyfjameðhöndlun í loftpoka
- Kögglar fjarlægðir

9. Aflífun

- Ef eigandi óskar eða ef meðhöndlun gengur ekki

10. Bólusetning

- Ef ekki heppnast að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins með öðrum hætti
- Uppgötvast of seint
- Sjúkdómurinn kemur upp á stóru móti þar sem ekki er hægt að einangra mikinn hrossafjölda til lengdar
- Hross á grænum svæðum innan búa með sýkt hross